

Samkvæmt 18.gr. laga Fimleikasambands Íslands, skal á fyrsta stjórnarfundum eftir fimleikabing skipa fjóra aðila í tækninefnd um áhaldafimleika karla (TK), áhaldafimleika kvenna (TKV), um hópfimleika (THF) og nefnd um fimleika fyrir alla (FFA). Fastanefndir starfa í umboði stjórnar samkvæmt lögum og reglum sambandsins. Fastanefndir hafa ekki sérstakan fjárhag eða ákvörðunarvald og er þeim óheimilt að stofna til útgjalda eða skuldbinda sambandið fjárhagslega. Stjórn er þó heimilt að fela nefndum ákveðna ábyrgð sem skal skilgreind í starfsreglum nefnda.

Stjórn setur fastanefndum starfsreglur og hefur eftirlit með störfum þeirra. Í starfsreglum nefnda skal kveðið á um verkaskiptingu innan nefnda, boðun funda, fundargerðir, birtingu fundargerða, hæfi o.fl. Fundargerðir nefnda skulu birtar á heimasíðu FSÍ þegar þær berast framkvæmdastjóra.

Nefndarmenn í nefndum á vegum FSÍ sækja umboð sitt til stjórnar FSÍ og getur stjórn afturkalla það umboð gagnvart einstaka nefndarmanni og eða nefnd í heild sinni og skipað annan nefndarmann í hans stað og eða alla nefndarmenn ef því er að skipta, að frátöldum formanni þeirra nefnda sem kosnir eru sérstaklega á fimleikabingi.

Starfsreglur fyrir Tækninefnd Fimleikasambands Íslands

Umboð

1. gr.

Tækninefnd starfar í umboði stjórnar samkvæmt lögum og reglum sambandsins. Tækninefndir hafa ekki sérstakan fjárhag eða

ákvörðunarvald og er þeim óheimilt að stofna til útgjalda eða skuldbinda sambandið fjárhagslega. Fulltrúar í tækninefnd vinna sem sjálfboðaliðar í nefndinni og þiggja ekki greiðslur fyrir.

Verksvið

2. gr.

Tækninefnd mótar stefnu FSÍ í þeirri grein sem falla undir starfsvið þeirra, leggur grunn að jákvæðri ímynd fimleika og stuðlar að bættum árangri iðkenda.

Þá fer nefndin með önnur þau verkefni sem stjórn FSÍ felur henni.

3. gr.

Til þess að vinna að markmiðum skv. 2. gr. hefur tækninefnd m.a. með höndum eftirtalin verkefni:

- Gerir tillögur til stjórnar um stefnu Fimleikasambands Íslands í greininni.
- Vinnur markvisst að því að fjölga íslenskum dómurum og auka við menntun þeirra.
- Menntar dómara og hefur umsjón með starfsemi dómara í samræmi við tæknilegar reglugerðir, Code of points og aðrar reglugerðir sem störf þeirra kunna að falla undir.
- Er stjórn FSÍ til ráðgjafar um keppnisgrein/sýningargrein, þróun hennar og stefnumótum innanlands sem utan.
- Endurskoðar og endurmetur íslenska fimleikastigann/landsreglur/sýningarreglur/ og keppnisreglur þegar við á og leggur tillögur til stjórnar þar um til samþykktar.
- Endurskoðar og endurmetur móta- og keppnisreglur FSÍ og hefur eftirlit með að FSÍ mót séu framkvæmd samkvæmt þeim.

- Undirbýr FSÍ mót hvað viðkemur tæknilegri framkvæmd í samstarfi við mótshaldara og skrifstofu.
- Ákveður keppnisform og innihald FSÍ móta og leggur fyrir stjórn til samþykktar, eigi síðar en 1. júní ár hvert.
- Ákveður og leggur fram kröfur og lágmark fyrir mót ár fram í tímann eigi síðar en 1. júní ár hvert.
- Hefur eftirlit með að áhöld og umgjörð keppni lúti þeim alþjóðlegu kröfum sem gerðar eru.
- Skipar tvo fulltrúa í undirnefnd, sem eru landsliðsþjálfara til ráðgjafar um val á keppendum í landslið, sbr. verkferla varðandi landsliðsval í áhaldafimleikum karla og kvenna.

Ágreiningi um hvort tiltekið erindi falli undir verksvið tækninefnda ber að vísa til stjórnar.

Skipan

4. gr.

Tækninefnd er skipuð fimm fulltrúum; alþjóðlegum dómurum eða landsdómurum ef þess er nokkur kostur. Leitast skal við að formaður sé alþjóðlegur dómari sé þess kostur. Formaður skal kosinn á þingi FSÍ og fjórir fulltrúar skipaðir af stjórn FSÍ í samráði við formann tækninefndar.

Starfstímabil nefndarinnar er hið sama og stjórnar.

Stjórnarmönnum er heimilt að sitja fundi tækninefnda með málfrelsi og tillögurétt.

Nefndin getur boðað til fundar einstaka starfsmenn og eða sjálfboðaliða FSÍ, sem og aðra þá sem það telur þörf á hverju sinni.

Tækninefndir geta í sérstökum tilfellum skipað vinnuhópa um afmörkuð og tímabundin verkefni. Slíkum hópum skal setja erindisbréf þar sem skilgreind eru helstu verkefni og starfinu sett tímamörk.

Tilkynna skal um skipan allra vinnuhópa til stjórnar.

Verkstjórn og verkaskipting

5. gr.

Formaður tækninefndar er í forsvari fyrir nefndina og hefur ásamt öðrum fulltrúum í nefndinni eftirlit með framkvæmd mótaðrar stefnu á verksviði nefndarinnar. Framkvæmdarstjóri FSÍ ber ábyrgð á framkvæmd ákvarðana og rekstrinefndarinnar.

Boðun funda og fundarsköp

6. gr.

Formaður tækninefndar stýrir fundi, eða úthlutar til annars nefndarmeðlims. Formaður ákveður dagskrá hvers fundar og skal hver nefndarmaður eiga rétt á því að mál verði tekin fyrir á fundi nefndar enda ber hann fram ósk þar að lútandi innan hæfilegs frests áður en fundarboð er sent til nefndamanna.

Tækninefnd skal koma saman eins oft og þurfa þykir, en að jafnaði eigi sjaldnar en hvern mánuð. Skrifstofa FSÍ annast útsendingu fundarboðs í samráði við formann nefnda og skal dagskrá fylgja fundarboði. Fella má niður fundi í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Dagskrá skal að jafnaði ákveða að hausti og senda meðlimum og framkvæmdastjóra með rafpósti. Þó er leyfilegt, ef aðstæður krefjast þess, að boða aukafund með allt að sólarhrings fyrirvara. Útbúa skal sérstakt fundarboð og tryggja að allir meðlimir nefndarinnar og framkvæmdastjóri hafi vitneskju um fundinn.

Falli reglulegur fundur tækninefndar niður skal tilkynna nefndarmönnum og framkvæmdastjóra það sérstaklega á sama hátt og gildir um fundarboð.

Dagskrá reglulegra funda skal vera samkvæmt starfsáætlun og skal hún vera aðgengileg á heimasíðu FSÍ eins fljótt og auðið er og að jafnaði

eigi síðar en síðdegis daginn fyrir fund. Til aukafundar, utan reglulegs fundatíma, skal boða með dagskrá.

Fundaskipulag og ritun fundargerða

7. gr.

Ritari er ábyrgur fyrir fundargerðabók tækninefnda, ritar fundargerðir og sendir afrit til nefndarmanna og framkvæmdastjóra eigi síðar en viku eftir nefndarfundi. Ritari skal senda nefndarálit og erindi nefnda til stjórnar á framkvæmdastjóra strax að loknum nefndarfundi en eigi síðar en viku eftir fund. Fundargerðir tækninefnda skulu birtar á heimasíðu FSÍ þegar þær berast framkvæmdastjóra en eigi síðar en viku eftir næsta fund stjórnar.

Tækninefnd skal halda fundargerð um það sem fram fer á nefndarfundum og skulu þær undirritaðar af þeim sem hann sitja. Bókanir í fundargerðir skulu a.m.k. bera með sér eftirfarandi:

- Fundartíma og fundarstað
- Hvaða nefndarmenn eru mættir
- Hver stýrir fundi
- Hver ritar fundargerð
- Dagskrá fundarins
- Stuttur útdráttur úr umræðum
- Allar ákvarðanir sem teknar eru á nefndarfundi skulu færðar til bókar
- Ákvörðun um næsta nefndarfund ef hún liggur fyrir í lok fundar.

Nefndarmenn eiga rétt á að fá bókaða stutta lýsingu um afstöðu sína til ákvarðana sem teknar eru á nefndarfundum.

Fundargerð skal upplesin og staðfest í lok fundar. Ef nefndarmenn vilja gera athugasemdir við fundargerð er þeim heimilt að fá bókaðar athugasemdir sínar. Endanleg fundargerð skal upplesin og staðfest í lok fundar.

Nefndarfundur skal að jafnaði haldinn fyrir luktum dyrum. Óheimilt er

að greina opinberlega frá ummælum sem fram koma hjá einstökum fundarmönnum. Þagnarskylda helst þó nefndarmaður láti af nefndarstarfi.

Formanni er heimilt, með samþykki nefndar, að boða gesti á nefndarfund ef nauðsynlegt er vegna afgreiðslu einstakra dagskrárliða. Formaður skal kynna gestum starfshætti nefndarinnar hvað varðar þagnarskyldu.

Sérstakt hæfi

8. gr.

Nefndarmenn skulu víkja sæti ef fjallað er um málefni sem valda því að draga megí óhlutdrægni þeirra með réttu í efa. Skulu nefndarmenn þá ætíð víkja af fundi meðan umræða og afgreiðsla málsins stendur og skal þess getið með skýrum hætti í fundargerð.